

Nr. 010 / 16 Hoffell SU 80***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2885
 Smíðaður: Gdansk Póllandi 1999, stál
 Stærð: 0 brl. 1775,7 bt.
 Mesta lengd: 68,10 m Skráð lengd: 60,77 m
 Breidd: 12,60 m Dýpt: 8,40 m
 Vél: MAK 1998, 4320 kW
 Fjöldi skipverja: 11



Hoffell SU© Jónína Óskarsdóttir

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 5. desember 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. mars 2016 var Hoffell SU 80 á veiðum með loðnunót skammt norður af Reykjanestá. Veður: NA 3 m/s.

Skipverji lenti með fingur í blökk og kramdist hann illa. Björgunarskipið Oddur V. Gíslason var sent til að ná í manninn þar sem Hoffellið var fast við nótina.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var á stjórnstækjunum fyrir Triplex blökkinni sem staðsett var á síðunni og notuð við að taka inn nótina. Sá var vaninn að hann væri ávallt einn þar. Myndin sýnir hvar slasaði var staðsettur framan við blökkina;
- að blýteinninn kom óklár upp (*snéri upp á sig*) og þurfti að stýra honum inn á blökkina með því að toga hann til. Við þetta valt hann að skildinum á blökkinni en þá festist vettlingur slasaða í teininum. Hann kippti hendinni strax að sér en langatöng hægri handar klemmdist og fór framan af fingrinum. Áhöfnin brást rétt við með því að varðveita stubbinn á ís og tókst að sauma hann á aftur;



Örin sýnir slystað

- að neyðarstopprofar voru við blökkina og við stjórnök í brú;
- að ef teinninn kemur snúinn upp þarf að snúa honum í nótakassanum ef það er ekki gert við blökkina. Það var mat skipstjóra að eina lausnin til að kom í veg fyrir svona slys væri að banna mönnum að vera með hendurnar í blýteininum við blökkina.

Nefndarálit:

Nefndin telur að orsök óhappsins sé sú að slasaði fór með hendur í veiðarfæri í hífingu.